

Kennsluáætlun- vorönn 2019

Lota 3

Bekkur: 9.bekkur

Námsgrein: Íslenska

Fjöldi kennslustunda: 5

Kennari: Þóra Hjörleifsdóttir

Áfangalýsing

Kennslan skiptist í: lestur og bókmenntir, málfræði, stafsetningu, málnotkun og ritun, talað mál og hlustun.

Áhersla er lögð á að efla skilning og auka þekkingu nemenda á ofangreindum þáttum.

Íslenska kemur inn á alla þætti lykilhæfni samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla: Tjáning og miðlun - Skapandi og gagnrýna hugsun - Sjálfstæði og samvinnu - Nýtingu miðla og upplýsinga - Ábyrgð og mat á eigin námi.

Kennsluefni: Neistar
Kjörbók
Málið í Mark-sagnorð/ smáorð.
Kennslubók í stafsetningu.
Stafsetningarhefti
Málfinnur
Skrifinnur
Hugfinnur

Námsmat: Lotupróf
Vinnubók
Ýmis bókmenntaverkefni
Stafsetningarhefti
Tímaverkefni.
Kennaramat

Kennarar áskilja sér rétt til breytinga

Dagsetning	Viðfangsefni	Verkefni	Hæfniviðmið
3. jan. – 4. jan.	Lestur og bókmenntir <i>Neistar: 5.kafli, bls. 116-117</i>	Neistar: 6.kafli, bls. 116-117. (lesið og rætt);	Lestur og bókmenntir - lesið almenna texta af öryggi og með glöggum skilningi,metið þá og túlkað, - gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og útskýrt fyrir öðrum, - greint og skilið aðalatriði og aukaatriði og glöggvað sig á tengslum efnisins, - beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð, - notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum - leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis, og tekið gagnrýna afstöðu til þess - valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa,
7.jan.- 11.jan.	Lestur og bókmenntir <i>Smásagnasmáræði</i> Ritun <i>Neistar: 6.kafli,</i> Málfræði <i>Málið í mark-sagnorð</i> Stafsetning <i>Stafsetning 5</i>	Málið í mark-sagnorð, 1-12. (málfræði 3, ljósrit) Mím. Smásagnasmáræði; <i>Reiði</i> (lesið og rætt). Verkefni. Mím, bls. 13-16, Neistar bls. 136-139, (um persónur so). Stafsetningarhefti 5. Mím, bls. 13-20, Málfinnur, bls. 18 (um ópersónul.so).	Málfræði - gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni. Áttar sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og þekkir til helstu framburðarmállýskna, - beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess
14.jan.- 18.jan.	Lestur og bókmenntir <i>Neistar: 6.kafli, bls 118-124</i> <i>Smásagnasmáræði</i> Ritun <i>Neistar: 6.kafli,verkefni</i> Málfræði <i>Málið í mark-sagnorð</i> <i>Neistar:7.kafli, bls. 140-141</i> Stafsetning Kennslubók í stafsetningu	Neistar: 6.kafli, bls.118 lesin; vinna verkefni 1 og 3 (bls. 119 og 120). Neistar: 6.kafli, lesa bls.124; vinna verkefni 5 (bls. 126). Smásagnasmáræði; <i>Þúsund orða virði</i> (lesið og rætt); verkefni. Mím; bls. 17-20; 21-24. Neistar: 7.kafli, bls.140-141; Mím, bls. 24-25. (um áhrifs-og áhrifslausar sagnir).	Ritun - skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær - tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun - beitt reglum um rétttritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda

21.jan. – 25.jan.	Lestur og bókmenntir <i>Neistar: 6.kafli, bls. 128-130</i> <i>Neistar: 8.kafli, bls. 158-160</i> <i>Ljóðspeglar</i> Ritun <i>Neistar: 6.kafli, verkefni</i> Málfræði <i>Málið í mark-sagnorð</i> Stafsetning <i>Stafsetning 6</i>	Mím; bls.23-29; stafsetn 6, (grannir og breiðir sérhlj.). Neistar: 6.kafli, lesa bls. 128-129;130-131. Verkefni; 11 og 12 unnin. Neistar: 6.kafli, verkefni 2 (bls. 119); verkefni 10 (bls. 135); Ritun 6 (ljóðsrit). Ljóðspeglar; bls. 177-187; Bókmenntir 6 (ljóðsrit) Neistar: 8.kafli, bls. 158-160.	Talað mál, áhorf og hlustun - flutt mál sitt skýrt og áheyrulega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas - gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu - nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar - átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi - nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni, og tekið afstöðu til þess sem þar er birt
28.jan.-1.feb.	Lestur og bókmenntir <i>Neistar: 6.kafli, bls. 130, 135</i> <i>Neistar: 7.kafli, bls. 145-146</i> Ritun <i>Neistar: 6.kafli, verkefni</i> <i>Ritun 6 (Skerpa)</i> Málfræði <i>Málið í mark-sagnorð</i>	Neistar:6.kafli, bls. 130 og 135, verkefni 10; Ritun 6 (ljóðsrit) Neistar: 7.kafli, bls. 145-146; Mím; bls.43-46.	
4. feb. - 8.feb.	Lestur og bókmenntir <i>Neistar: 8.kafli, bls. 161-163</i> Ritun <i>Neistar: 8.kafli, verkefni</i> Málfræði <i>Neistar: 7.kafli, bls. 146-149</i> <i>Málið í mark-sagnorð</i> Talað mál og hlustun Verkefni frá kennara Stafsetning <i>Stafsetning 7</i>	Mím; bls. 47-49; lesa ljóð og velja. Mím; bls. 50-52; ljóðalestur. Neistar: 7.kafli, bls. 146-149,verkefni; 10 og 11 unnin; Neistar: 8.kafli, bls. 161-163, verkefni 3,4 og 5 unnin, (myndmál). Stafsetningarhefti 7,(gs og ks); ljóðaflutningur. Foreldraviðtalsdagur 5.febrúar.	

11.feb. – 15.feb.	Lestur og bókmenntir <i>Neistar: 8.kafli, bls.165</i> <i>Ljóðabækur</i> <i>Bókmenntir 6 (Skerpa)</i> Ritun <i>Neistar: 8.kafli, verkefni</i> Málfræði <i>Málið í mark-sagnorð</i> Talað mál og hlustun <i>Verkefni frá kennara</i> Stafsetning <i>Stafsetning 7</i>	Stafsetningarhefti 7 (klára); bókmenntir 6 (ljósrit). Mím, bls. 59-62; bókmenntir 6, 1-14. Mím, bls. 63-65; bókmenntir 6, 1-14. Neistar: 8.kafli, bls. 165, verkefni 8 (ljóðagreining).	
18.feb – 22. feb.	Vetrarfrí	Vetrarfrí	
25.feb.-1.mars	Lestur og bókmenntir <i>Kjörbók</i> <i>Lesskilningsverkefni (ljósrit)</i> Ritun <i>Ritunarverkefni (ljósrit)</i> Málfræði <i>Málið í mark-sagnorð</i> <i>upprifjunarhefti</i> Talað mál og hlustun <i>Verkefni frá kennara</i> Stafsetning <i>upprifjunarhefti</i>	Upprifjunarhefti unnið; samræmd próf skoðuð og unnin (skólavefurinn). Upprifjunarhefti; lesskilningsverkefni (ljósrit). Ritunaræfing (ljósrit). Farið yfir helstu málfræðireglur og ljóða-og bókmenntahugtök.	